

Forsjárdeildur og jafnrétti (grein í Degi 11. júlí 1996)

Rétt um tuttugu ára skeið hef ég komið að forsjárdeilum á ýmsum stigum erlendis og hér heima. Þær hafa ævinlega verið erfiðar úrlausnar og því miður oft haft í för með sér hörmungar fyrir deiluaðilja og ekki síst börnin, sem eru bitbeinið. Eins og gefur að skilja verða slíkar deilur þrungnar tilfinningum. Annað foreldrið telur sig iðulega hafa meira til brunns að bera í foreldrahlutverkinu og sé því færara um að ala barnið upp. Því miður er það svo, að forsjárdeilur geta orðið afar illvígar og beinlínis orðið undirrót ýmis konar ofbeldis. Komist foreldrar ekki að staðfestu samkomulagi hjá sýslumanni um forsjá barns, kemur óhjákvæmilega til kasta dómstóla eða leitað er til dómsmálaráðuneytis um úrskurð.

Embættismönnum er vissulega vandi á höndum, því öðru hvoru foreldrinu skal úrskurðað eða dæmd forsjáin, nema í undantekningartilvikum, þegar hvorugt þeirra reynist foreldrahlutverki sínu vaxið. Dæmt skal eða úrskurðað með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Barnið á lögum samkvæmt rétt til samvista við bæði foreldri sín. Eins bjóða íslensk lög og mannréttindasáttmáli Evrópu, sem Íslendingar eru aðilji að, að hjón eigi jafnan rétt til barnsins. Jafnrétti í forsjárdeilum eru mannréttindi feðra og mæðra og einn af mikilvægustu hornsteinum jafnréttis í íslensku samfélagi. Hvoru hjóna um sig er einnig tryggður réttur til óvilhallrar og hlutlausrar meðferðar forsjármála fyrir dómi. Sömu kröfur eru gerðar til úrskurðaraðilja.

Embættismenn vorir í stjórnarsýslunni bera gríðarlega ábyrgð. Ákvörðun þeirra ræður miklu um, hvernig orlagahjól hinnar sundruðu fjölskyldu munu snúast. Því þarf að vanda vel til verksins. Einnig er mikilvæg túlkun og framkvæmd laganna og óhjákvæmilega er spurt, hvor hún sé í samræmi við bókstaf laganna og almenna réttarvitund. Yfirlit yfir tölur, sem safnað hefur verið hjá Dómsmálaráðuneyti (28. mars 1996) um mál, er varða börn og unglinga eða öllu heldur meðferð þeirra, er afar forvitnileg lesning í þessu efni. Meðal annars eru skoðaðar lyktir forsjárdeilna hjá Dómsmálaráðuneyti, héraðsdómsstólum og sýslumönnum.

Hjá Dómsmálaráðuneyti var á þriggja ára tímabili úrskurðað í 32 forsjármálum. Í þremur þeirra var úrskurðað um skipta forsjá, þ.e.a.s. systkinum var skipt milli foreldra. Í 29 tilvikum þurfti því að skera úr um, hvort foreldrið væri hæfara til að annast barnið eða börnin. Sex feður voru úrskurðaðir hæfari en mæðurnar, en 23 mæður hæfari en feðurnir eða 79 af hundraði. Hlutföll dóma á héraðsdómstigi eru svipuð. Á sama tímabili komu 27 forsjármál til dóms. Í 81 af hundraði tilvika var móður dæmd forsjáin. Tvö mál af þessu tagi komu til dóms í Hæstarétti og í hvoru tveggja tilvikanna var móður dæmt í hag. Á tímabilinu 1. júlí til loka árs 1995 voru staðfestir 3.865 forsjársamningar hjá sýslumannsembættum landsins. Tæpum þriðjungu foreldra auðnaðist að komast að samkomulagi um sameiginlega forsjá. Aðrir samningar voru á þá lund, að mæður fengu forsjá í 94 af hundraði tilvika.

Þessar staðreyndir hljóta að vekja ugg í brjósti jafnréttissinna. Og þær vekja í hugskotinu ef til vill fleiri spurningar, en þær svara. Skortur á jafnrétti karla og kvenna er ótvíræður. Þetta ójafnrétti gengur í berhögg við lög og sáttmála. Þar sem varla er ástæða til að ætla, að feður í forsjárdeilu séu á nokkurn hátt öðruvísi, en gengur og gerist um feður, mætti álykta sem svo, að íslenskir feður séu upp til hópa óhæfir til að ala upp börn sín nema í skjóli mæðranna. Að óathuguðu máli er það óásættanlegt niðurstaða. Sérlega átakanlegt er til þess að hugsa, að

einungis 6 af hverjum hundrað feðrum, sem leita ásjár sýslumanna um sanningsgerð, skuli fá forsjá barna sinna. Umræðu er þörf og athuganna er þörf til að varpa ljósi á svo æpandi misrétti.